# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## EÐLI2AF05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennarar** | Hafþór Óskarsson, hafthor.oskarsson@fss.is - m.fss.is<br>Torfi Gíslason, torfi.gislason@fss.is - m.fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Mánudaga kl. 14:00 – 14:40, skrifstofu kennara (Hafþór)<br>Mánudaga kl. 08:15 – 08:55, skrifstofu kennara (Torfi) |  |
| **Námsefni** | Eðlisfræði fyrir byrjendur 4. útg. Höfundur Vilhelm Sigmundsson | |
| **Áfangalýsing** | Efnisatriði eru:<br>● Inngangur að eðlisfræði: SI-einingakerfið og mælieiningar, tugveldi, forskeyti, markverðir stafir, óvissa, vigrar, gröf og Excel<br>● Hreyfing eftir beinni línu: Hraði, hröðun, hreyfingarjöfnur, þyngdarhröðun<br>● Kraftar: Lögmál Newtons, kraftur, liðun krafta, þyngdarkraftur, núningskraftur, skáborð, lögmál Hooks<br>● Vélræn orka: Orkumyndir, orkuvarðveisla, afl<br>● Skriðþungi: Skriðþungi, skriðþungavarðveisla, árekstur, fjaðrandi og ófjaðrandi, atlag<br>● Þrýstingur: Þrýstingur, eðlismassi, vökvaþrýstingur, lögmál Arkimedesar<br>● Helstu grunnatriði í verklegri eðlisfræði | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að standast áfangann þurfa nemendur að:<br>● ná 4,5 eða hærra á lokaprófi til að fá vetrareinkunn metna<br>● ná 4,5 að lágmarki í öllum námsmatsþáttum<br>● uppfylla mætingaskyldu skólans.<br><br>**Símatsáfangi** ☐ **Lokapróf** ☒ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Lokapróf | 50% |
| Stöðupróf | 30% |
| Tímaverkefni | 10% |
| Tilraunir/skýrslur | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Ef nemandi er forfallaður af gildum ástæðum þegar stöðupróf eru þá fær hann tækifæri til þess að taka prófið í samráði við kennara. |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Í áfanganum er unnið markvisst með grunnþætti menntunar. Nemendur þjálfa **vísindalæsi** og **sköpun** við dæmareikning og tilraunir og dýpka skilning á **sjálfbærni** með lögmálum eðlisfræðinnar. Gagnrýnin hugsun og samvinna efla **lýðræði** og **jafnrétti** á meðan örugg vinnubrögð í tilraunum styðja við **heilbrigði og velferð**. |

### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- notkun eininga, forskeyta, tugvelda í eðlisfræði
- hreyfilögmálum og þremur lögmálum Newtons
- framsetningu eðlisfræðistærða í grafi og í Excel
- mikilvægi markverðra stafa og óvissu í eðlisfræði
- þyngd og massa
- þverkrafti og núningskrafti
- lögmáli Hooks
- lögmálum orkuvarðveislu og skriðþungavarðveislu
- lögmáli Arkímedesar
- nokkrum grunnatriðum í mælitækni.

### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leysa eðlisfræðidæmi með jöfnum
- skipta um forskeyti/einingar
- leiða út eðlisfræðilögmál með algebru eingöngu
- liða krafta og beita vigurreikningi á eðlisfræðidæmi
- nota nokkur helstu mælitæki
- setja fram niðurstöður mælinga í Excel
- meta óvissu mælinga og reikna óvissu í reiknaðri niðurstöðu á grundvelli mælinga
- búa til graf af niðurstöðum mælinga.

### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- komast að tölulegum niðurstöðum um umhverfi sitt á grundvelli fyrirliggjandi gagna
- tengja eðlisfræðina við daglegt líf og umhverfi og gera sér grein fyrir notagildi hennar
- framkvæma verklegar æfingar, vinna úr þeim og útskýra niðurstöður þeirra.

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Undirbúningur f. kaflapróf** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. lokapróf** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Lokapróf** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | **116 klst. = 5 ein** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Kynning á áfanganum<br>Mælingar og niðurstöður | |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Kafli 2: Hreyfifræði | Tímaverkefni 1 |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Kafli 2: Hreyfifræði | |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Kafli 2: Hreyfifræði | Tímaverkefni 2 |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Tilraun 1<br>Stöðupróf 1 | Tilraun 1<br>Stöðupróf 1 |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Kafli 3: Lögmál Newtons | Tímaverkefni 3 |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Kafli 3: Lögmál Newtons | |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Kafli 3: Lögmál Newtons | Tímaverkefni 4<br>Skil skýrslu 1 |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Kafli 4: Vinna, orka og afl | |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Kafli 4: Vinna, orka og afl | Tímaverkefni 5 |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Tilraun 2<br>Stöðupróf 2 | Tilraun 2<br>Stöðupróf 2 |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Kafli 5: Skriðþungi og árekstrar | Tímaverkefni 6 |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Kafli 5: Skriðþungi og árekstrar | |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Kafli 6: Þrýstingur, vökvar og lögmál Arkimedesar | Tímaverkefni 7 |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Kafli 6: Þrýstingur, vökvar og lögmál Arkimedesar | Skil skýrslu 2<br>Stöðupróf 3 |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Upprifjun | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Hafþór Óskarsson*
*Torfi Gíslason*